

1. júní 2011

Kæra til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra vegna meints brots á 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 varðandi markaðsmisnotkun.

Fjármálaeftirlitið kærði félag og eiganda þess til ríkislögreglustjóra skv. 148. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.) þann 30. nóvember 2010, fyrir meint brot á 117. gr. fyrrgreindra laga. Háttsemin átti sér stað þann 22. september 2010. Um er að ræða mál er varðar a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

a-liður 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. fjallar um víðskipti eða tilboð um víðskipti sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.

Í því tilfalli sem hér um ræðir áttu sér stað víðskipti og tilboð um víðskipti með nokkra flokka ríkistryggðra skuldabréfa. Þann 22. september 2010 urðu mikil víðskipti á skuldabréfamarkaði, dagsveltan náði sínu hæsta gildi frá október 2008 og verð lækkaði umtalsvert. Dagana áður hafði verð einnig lækkað en fram að þeim tíma hafði verð óverðtryggðra skuldabréfaflokka hækkað nær samfellt frá ársbyrjun 2010.

Eftir að lokunaruppboð hófst þann 22. september 2010 setti hinn kærði, fyrir hönd félags síns, inn lítil kauptilboð í nokkra flokka ríkistryggðra skuldabréfa á verði sem var hærra en síðasta víðskiptaverð. Öll tilboðin nema eitt urðu að víðskiptum en það ákvarðaði þó opinbert dagslokaverð þar sem um kauptilboð á hærra verði en síðasta víðskiptaverði var að ræða. Í athugun Fjármálaeftirlitsins kom í ljós að fjármálafyrirtæki hafði gert veðkall á félagið tvisvar þennan sama dag.

Með tilliti til þess hversu mikill verðmunur var á kauptilboðunum/víðskiptunum í lokunaruppboðinu og fyrri víðskiptum og með hliðsjón af því hversu lítil tilboðin voru sem og þeim veðköllum sem voru gerð á félagið taldi Fjármálaeftirlitið vera rökstuddan grun um að háttsemin fæli í sér markaðsmisnotkun og að hinir kærðu hefðu brotið gegn a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Samkvæmt 1. tölul. 146. gr. vvl. getur það varðað sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn 1. mgr. 117. gr. vvl. um markaðsmisnotkun.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til ríkislögreglustjóra.